

Ed. **123. Frumvarp til laga** [120. mál]

um breyting á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 21. gr. laga nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðuneytinu er heimilt að ákveða frávik frá fjölda skipstjórnarmanna á verslunarskipum, eftir því sem tilefni gefst til, miðað við búnað og/eða verkefni skips, að fengnum tillögum mönnunarnefndar, skipaðrar þremur fulltrúum Farmanna- og fiskimanna-sambands Íslands, þremur fulltrúum útgerða kaupskipa og oddamanni, tilnefndum af aðilum sameiginlega eða Hæstarétti Íslands, ef samkomulag næst ekki milli aðila um skipun oddamanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að í sambandi við gerð nýrra kjarasamninga milli kaupskipaeigenda og stéttarfélags yfirmanna á kaupskipum hafi fyrirsvarsmenn þessara samtaka orðið sammála um, sem eitt samningsákvæðanna, að gerð verði breyting á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 69 30. apríl 1973, varðandi mönnun þessara skipa, m. a. með tilliti til tilsvareandi ákvæðis laga nr. 72 13. maí 1966, um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum.

Nauðsyn beri til að gera þessa lagabreytingu án tafar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 21. gr. laga nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðuneytinu er heimilt að ákveða frávik frá fjölda skipstjórnarmanna á verslunarskipum, eftir því sem tilefni gefst til, miðað við búnað og/eða verkefni skips, að fengnum tillögum mönnunarnefndar, skipaðrar þremur fulltrúum Farmanna- og fiskimanna-sambands Íslands, þremur fulltrúum útgerða kaupskipa og oddamanni, tilnefndum af aðilum sameiginlega eða Hæstarétti Íslands, ef samkomulag næst ekki milli aðila um skipun oddamanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. ágúst 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.